

Landsfundur bæjarstarfsmannafélaga BSRB – **Akureyri 21. nóvember 2025**

Kynning á Mannauðssjóði Heklu, úthlutunarreglum, Mannauðssetri Heklu og könnuninni, Sveitarfélag ársins. Samantekt umræðna sem fóru fram í kjölfarið:

1. Er eitthvað í úthlutunarreglum Mannauðssjóðs Heklu sem þið mynduð vilja breyta eða bæta við?

- Að skoða með tímalengd fræðsludaga erlendis. Mannauðssjóðurinn Hekla miðar við 6 klukkutíma vinnudag en tímaramminn er styttri hjá til dæmis KÍ. Einnig að athuga hvort hópefli mætti teljast sem hluti af fræðsludegi.
- Að samræmi sé á milli sjóða/ félaga sem starfa innan sveitarfélaga.
- Passa að skilgreining á fræðslu sé það sveigjanleg að hún mæti fjölbreyttum starfshópum.
- Þeir sem sækja um styrki til náms- og kynnisferða verða að átta sig á að með því að sækja um fyrir nokkra starfsmenn eru þeir að loka á sambærilegan styrk næstu 4 ár fyrir þá stofnun/ vinnustað.

2. Komið með hugmyndir að verkefnum, fræðslutengdum námskeiðum eða áherslum sem Mannauðssetur Heklu gæti beitt sér fyrir árið 2026?

- Námskeið/ námskrá fyrir ófaglært starfsfólk á leikskólum, grunnskólum og íþróttamannvirkjum. Nýta á milli sveitarfélaga – stofnana.
 - Huga þar að þáttum eins og samskiptum, greiningum barna (ADHD, einhverfa o.fl.).
- Samskipti skóla og íþróttamannvirkja – oft sömu skjólstæðingar.
- Örnámskeið í opinberri stjórnsýslu
- Örnámskeið í kjarasamningum.
- Þjóða upp á fræðslu sem þjónar jaðarsettum hópum / hugsa út fyrir kassann. Hvar er þörfin? Hvar vantar mest þjálfun og fræðslu?
- Námskeið um lífeyrismál og starfslok.
- Stutt og hnitmiðuð námskeið um tækni/ öpp / forrit sem hægt er að nota á skemmtilegan hátt t.d. fyrir þá sem eru í forsvari á vinnustöðum/ í félögum og halda oft kynningar.
- Námskeið um skyldusparnað.
- Námskeið og fræðsla fyrir trúnaðarmenn.
- Málefni fatlaðra og námskeið / þjálfun fyrir starfsfólk í þeim starfsgeira. T.d. námskeið um lyf og meðhöndlun lyfja.
- Pólskunámskeið fyrir byrjendur.
- Skyndihjálp.
- Fleiri tómstundanámskeið.

3. Hvaða þemu er áhugavert að skoða í könnun um Sveitarfélag ársins 2026?

Spurningar fyrir næstu könnun.

- Spurningar um starfsmatið – þekkir fólk það?
- Spyrja betur út í starfsmannaviðtöl. Fær fólk boð um samtal og hafa mögulega afpakkað?
- Passa að könnunin tali til allra kynja.
- Hvernig er best að bregðast við þeirri staðreynd að svo fáir nýta upplýsingar á heimasíðum stéttarféлага.
- Skipta könnuninni niður í stór sveitarfélög og lítil sveitarfélög.
- Hafa færri og hnitmiðaðri spurningar. Útskýra betur sum orðin t.d. neysluhlé.
- Spyrja út í EKKO – einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi og/ eða önnur ótilhlýðilega háttsemi á vinnustað.